

Tillaga forseta að umsögn Ísafjarðarbæjar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi og drög að frumvarpi um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

Ekki hægt að grundvalla löggjöf eingöngu á skýrslu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill byrja á að lýsa þeirri skoðun sinni að skýrsla starfshóps um stefnumótun í fiskeldi getur ein og sér ekki verið grundvöllur frumvarps til laga um fiskeldi. Í þeim starfshópi voru hvorki fulltrúar þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldi fer fram né fulltrúar fjölda annarra aðila sem málið varðar. Ekki var kallað eftir afstöðu þeirra við skýrslugerð hópsins.

Í hópnum sátu hins vegar fulltrúar fiskeldisfyrirtækja og landsambands veiðiréttahafa. Að mati Ísafjarðarbæjar á það ekki að vera eina markmiðið með löggjöf um fiskeldi að ná sátt á milli veiðiréttarhafa og fiskeldisfyrirtækja um tilhögun laxeldis. Margir aðrir þættir hljóta að þurfa að koma til skoðunar s.s. félagslegir og efnahagslegir þættir samfélaganna þar sem eldið fer fram. Hagsmunir íbúa á Vestfjörðum af því að vel takist til með eldi eru talsvert meiri en möguleg neikvæð áhrif fyrir veiðiréttarhafa.

Einnig er vert að benda á að í 4.málgrein 4.kafla greinargerðar um markmið frumvarpsins er tilgreint hugtakið „opnar sjókvíar“. Lagt er til að eingöngu sé rætt um sjókvíar eða lokaðar sjókvíar, ella er löggjafinn að taka inn hugtak sem hefur enga merkingu og gengur inn í gildishlaðna umræðu.

Engar tekjur til sveitarfélaga af eldi.

Ísafjarðarbær gerir athugasemd við að í drögum að lögum hafi verið vikið frá forsendu fyrra frumvarps um skiptingu tekna af fiskeldi á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er mikilvægt til að sátt skapist um eldið í samfélögunum þar sem að fiskeldi fer fram að sveitarfélögin njóti góðs ef eldi í fjörðum sveitarfélagsins. Eins og löggjöfin er sett upp núna gæti sveitarfélag þar sem eldi fer fram orðið alfarið af tekjum af því ef slátrun, vinnsla og þjónusta fer fram í öðru sveitarfélagi. Benda má á samanburð við fasteignagjöld af virkjunarmannvirkjum og annarri atvinnustarfsemi í þessu efni, þar sem eitt sveitarfélag nýtur allra tekna en annað situr uppi með allt jarðrask. Ísafjarðarbær telur mikilvægt að þetta verði endurskoðað og tryggt sé að hluti afgjalds af fiskeldi renni beint til þeirra sveitarfélaga þar sem eldi fer fram.

Einnig má benda á að eldi er bara leyft á þeim svæðum þar sem byggðapróun hefur verið neikvæð s.l. áratug eða meira. Ef tekjur renna beint til sveitarfélagana mun það styrkja tekjugrunn þeirra og styrkja þau í að sækja fram og bæta þjónustu við íbúa.

Ísafjarðarbær telur að það þurfi að huga vel að hvernig og hvenær innheimting gjalda vegna nýtingar eldissvæða í sjó verði háttáð. Mikilvægt er að gjöld séu hófleg a.m.k. í upphafi svo það komi ekki niður á uppbygginu greinarinnar.

Aðkoma sveitarfélaga að veitingu leyfa.

Eins og núverandi frumvarp er sett upp hafa sveitarfélög enga aðkomu að leyfisveitingaferli í fiskeldi. Að mati Ísafjarðarbæjar er það ókostur að sveitarfélagið hafi ekkert um það að segja

hvernig eldi innan sveitarfélagsins er háttað. Ísafjarðarbær leggur til að þetta verðið endurskoðað. Sérstaklega ef tekjur sbr. 5., 6., og 7. gr. frumvarpsins eiga ekki að renna til sveitarfélaga. Til að sátt sé um eldið í sveitarfélögunum þurfa þau að vera aðilar að leyfisveitingarferlinu til að geta sett skilyrði eða í það minnsta fengið af eldinu beinar tekjur.

Áhættumat.

Flestir ættu að geta verið sammála því að það sé áhugavert og mikilvægt að hægt sé að nota burðarþol fjarða til fulls. Það mun skipta miklu máli fyrir ríkissjóð, sveitarfélög og íbúa þar sem eldi fer fram. Að sjálfsögðu þarf að lágmarka neikvæð áhrif þess á umhverfið og mikilvægt er að vernda villta laxastofna.

Ef það áhættumat sem lagt hefur verið fram er rétt þá er niðurstaðan sú fyrir eldi á Vestfjörðum að hægt er að framleiða sem nemur öllu burðarþoli fjarða á svæðinu að undanskildu Ísafjarðardjúpi án þess að áhætta sé metin of mikil fyrir allar laxveiðiár landsins. Jafnframt staðfestir áhættumatið að væri laxeldi í Ísafjarðardjúpi sem nemur 30.000 tonna framleiðslu eða jafnt og metið burðarþol djúpsins mun erfðablöndun í laxveiðiám utan Vestfjarða vera innan marka Hafrannsóknarstofnunar. Hins vegar segir áhættumatið að tvær laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi séu í hættu hvað erfðablöndun varðar ef eldi sem nemur burðarþoli Ísafjarðardjúps væri leyft.

Í ljósi þess hve miklir hagsmunir geta falist í því að eldi verði leyft í Ísafjarðardjúpi og vegna þess hversu afmörkuð áhrif eldið mun hafa á laxveiðiár telur Ísafjarðarbær mikilvægt að kanna leiðir til þess að eldi í Ísafjarðardjúpi verði að veruleika. Ísafjarðarbær vill því velta upp þörfinni á því að áhættumat sé stöðugt uppfært og að því sé gert jafn hátt undir höfði og gera á í núverandi frumvarpi. Ljóst má vera að áhætta vegna erfðablöndunar er lítil á landinu öllu og frekar ætti að leita leiða til að hefja eldi t.d. í Ísafjarðardjúpi og Austfjörðum í áföngum með það að markmiði að burðarþol fjarða verði nýtt.

Í staðinn verði settar inn auknar kröfur í eldið og eldisbúnað til að takmarka göngur kynþroska fisks í umræddar ár. Jafnframt verði gerðar kröfur um vöktun og viðbrögð í þeim ám sem eru í hættu samkvæmt áhættumati.

Hafa ber einnig í huga í þessu samhengi að umræddar tvær ár í Ísafjarðardjúpi eru afar litlar og í þeim er mjög lítill hluti af villtum laxastofni við Ísland. Í þeim veiddust innan við 500 fiskar á árinu 2018 samanlagt og meðalveiði síðasta áratugar er svipuð, að meðteknum þeim fiskum sem er sleppt. Áhættumat Hafrannsóknarstofnunar gefur að 30.000 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi án mótvægisáðgerða myndi skila 5,5% erfðablöndun í umræddum tveimur ám á meðan að mörkin eru sett við 4%. Í því mati þá er ekki gert ráð fyrir neinum mótvægisáðgerðum. Í ljósi þess hversu fáir fiskar eru í hrygningarstofni hvorrar ár er ljóst að mótvægisáðgerðir þyrftu einungis að hafa þau áhrif að hægt væri að koma í veg fyrir það að örfáir fiskar gengi upp í umræddar ár til hrygningar. Öllum má vera ljóst að það er vel gerlegt og lagaumhverfið á að taka mið af því. Með því að leggja ofuráherslu á áhættumatið sem liggur fyrir í stað þess að finna leiðir til að takmarka erfðablöndun samhliða eldi verður uppbyggingin ómarkviss og tekur lengri tíma en ella.

Því telur Ísafjarðarbær í ljósi umræddra hagsmuna og með hliðsjón af áhættumati sem þegar hefur verið gert að skynsamlegt sé að hefja eldi í Ísafjarðardjúpi með ofangreindum takmörkunum og að Hafrannsóknarstofnunar eigi að vera falið að útfæra þær leiðir frekar.

Einnig má benda á þá staðreynd að nú þegar er leyft 50.000 tonna eldi á Vestfjörðum sé tekið mið af áhættumati. Erfðablöndun er langt frá því að vera eina áskorunin við fiskeldi. T.d. þegar kemur að sjúkdómum og dýravernd er mikilvægt að firðir séu hvíldir. Það gæti því verið kostur að opna fleiri svæði s.s. Ísafjarðardjúp fyrir fiskeldi jafnvel án þess að magn sé aukið. Þannig mætti auka dýravernd og minnka álag af eldi á firðina og þannig fengist meiri reynsla af eldi fyrir en ella.

Þekking, rannsóknir og eftirlit

Ísafjarðarbær krefst þess að staðið verði við fyrirheit um að sviðsstjóri fiskeldismála hjá Hafrannsóknastofnun ásamt sérfræðingum verði með aðsetur á Ísafirði eins og kveðið var um í tilkynningu frá 6. október 2016 frá þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta er liður í þeirri kröfu að rannsóknir, skipulag og eftirlit atvinnugreinarinnar verði byggt upp á Vestfjörðum. Uppbygging og vöxtur fiskeldis byggir á þekkingaröflun, rannsóknum og eftirliti og þarf að eiga sér stað í nánú samstarfi við fyrirtæki og samfélag á Vestfjörðum.